

5. fundur skólanefndar kjörtímabilið 2022-2026 v/Flúðaskóla haldinn 8. maí 2023 kl. 15:00

Mætt: Katrín Þorvaldsdóttir, formaður, Björgvin Viðar Jónsson og Halldóra Hjörleifsdóttir sem ritaði fundargerð. Einnig sóttu fundinn Jóhanna Lilja Arnardóttir skólastjóri, Árni Þór Hilmarsson aðstoðarskólastjóri, Halla Gunnarsdóttir fulltrúi starfsfólks Flúðaskóla, Sigríður Björk Marínósdóttir og Helga Jóhanna Úlfarsdóttir varamáður Vilborgar Ástráðsdóttur, fulltrúar Skeiða og Gnúpverjahrepps. Edda Arndal mætti í stað Svövu Kristjánsdóttur sem fulltrúi foreldra.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Skóladagatal 2023-2024
3. Niðurstöður Skólapúlsins
4. Umræða um skólanámskrá og starfsáætlun Flúðaskóla
5. Sameiginlegir skólanefndarfundir leik-og grunnskóla-umræða

Fundargögn:

Drög að skóladagatali 2023-2024.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fund.

1. Skýrsla skólastjóra

16. mars sl. fóru nemendur í 4. – 10. bekk í skíðaferð í Bláfjöll. 9. og 10. bekkur byrjuðu reyndar á að heimsækja Laugardalshöllina á Íslandsmót iðn- og verkgreina og stóru framhaldsskólakynninguna; en fóru svo í framhaldi af því á skíði. Venjulega gistir unglingsastigið í Bláfjöllum en því miður tvíbókuðu starfsmenn þar skálann og leystum við það með því að nemendur gistu hér í Félagsheimilinu.

Árshátíð unglingsastigsins var haldin þann 30. mars s.l. Þar fluttu nemendur söngleikinn Grease. Eins og vanalega fengu nemendur að velja sér hlutverk í árshátíðinni enda þarf að ganga í mörg störf í svona stórrí sýningu. Hlutverkin voru fjölbreytt, u.þ.b. helmingur nemenda lék á sviði, sumir tóku að sér tæknistörf, aðrir voru sviðsmenn, nemendur sáu um förðun og hljómsveitin var skipuð nemendum. Þá komu fjölmargir að undirbúningi t.d. með leikmyndagerð, skreytingum, heimildarmynd og leikskrá.

Enn halda nemendur áfram að standa sig vel í skáklistinni. Flúðaskóli sendi tvær sveitir bæði á Íslandsmót barnaskólaveita í skák fyrir 4. – 7. bekk og einnig tvær sveitir í sveitakeppni grunnskóla.

Stóra upplestrarkeppnin var haldin í Þjórsárskóla þann 27. apríl. Þrír nemendur úr 7. bekk fóru frá okkur og stóðu sig mikið vel.

Nú eru að hefjast stórar og miklar breytingar á skólahúsnaðinu sem snúa að því að skipta um þak. Starfsmenn hafa staðið í ströngu við að tæma kennarastofu og munum við svo þurfa að tæma seinni helming af efstu hæð í þessum mánuði. Þetta hefur töluvert rask í för með sér, þar sem við þurfum að tæma tvær kennslustofur og

A JH ABB KP HG
BVJ JH ABB KP HG
SRM

þrengja mikið að okkur. Það er frábært að sjá hvað allir eru til í að taka höndum saman við að leysa þetta.

Þessi vika er annasöm hjá okkur í kennslunni. Við erum í þemaverkefni tengdu umhverfismálum, þar sem öllum árgöngum er blandað saman í ýmsa vinnu.

Fimmtudag og föstudag fara unglingsarnir okkar svo í síðustu smiðjur vetrarins. Farið verður á Laugarvatn.

Dagana 15. – 17. maí verður vorskóli 1. bekkjar og elsta hópsins í leikskólanum. Þá verða þessir hópar saman alla þessa daga, allan daginn, ýmist hér eða í leikskólanum. Eins og kom fram í síðustu skýrslu skólastjóra var sótt um styrk hjá Nordplus Junior vegna verkefnisins „SLAM“. Styrkurinn hefur verið samþykkur og hlökkum við mikið til að byrja á þeirri vinnu, en markmiðið er að fara enn meira og víðara í það heldur en einungis dönskusamstarfið, og tengja það sem flestum námsgreinum.

Nú erum við farin að auglýsa eftir kennurum næsta skólaár og vonumst til að fá góðar umsóknir.

2. Skóladagatal.

Lögð voru fram drög að skóladagatali fyrir komandi skólaár 2023-2024. Skólanefnd samþykkir skóladagatalið með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.

3. Niðurstöður Skólapúlsins

Jóhanna skólastjóri kynnti niðurstöður Skólapúlsins, nemendakönnun.

Nemendakönnun er hluti af innra mati grunnskólans. Ýmsir punktar komu fram í niðurstöðum könnunarinnar sem nauðsynlegt er að vinna með og er skólinn að setja upp hugmyndir að úrbótaáætlun til að vinna með.

4. Umræða um skólanámskrá og starfsáætlun Flúðaskóla.

Á síðasta skólanefndarfundi kom fram athugasemd varðandi starfsáætlun að þær upplýsingar sem þar er að finna þurfi að vera í heild sinni í starfsáætluninni en ekki sem vefsloðir, hlekkir í starfsáætlun, þar sem vefsíður geta breyst og/eða orðið óvirkar. Skólanámskrá og starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024 verða rædd í skólanefnd í september/október á næsta skólaári.

5. Sameiginlegir skólanefndarfundir leik- og grunnskóla.

Formaður fór yfir hugmyndir af sameiginlegum skólanefndarfundum leik- og grunnskóla á næsta skólaári, sameiginlegir fundir myndu meðal annars geta aukið samstarf á milli skólastigana. Hugmyndin var rædd og samþykkt að skoða málið.

Fleira ekki rætt og fundi slitið 15:45

Jónánn Guðrún Arnardóttir
Björnviður Jónasson
Eldur Arndal

Katrin Þorvaldsdóttir
Aini Þóra Hilmarsson
Halla Gunnarsdóttir
Heidi Ólafsdóttir
Sigríður Björk Mannósdóttir
KLELUR SÍT. LEI/FAS